

**9. fundur 2011** 7. september. Allir aðalmenn mættu. Fundurinn lokaður.

1. Svæðisgarðar á Snæfellsnesi. Björg Ágústsdóttir frá Alta kom og kynnti verkefnið. Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps samþykkir að taka þátt í stofnun svæðisgarðs (regional park) á Snæfellsnesi með hliðsjón af fyrirliggjandi verkefnistillögu, sem unnin hefur verið af undirbúningshópi skipuðum fulltrúum sveitarfélaga á Snæfellsnesi og aðila í atvinnulífinu. Hreppsnefnd samþykkir ajafnframt að taka þáttí að afla fjár magns til verkefnisins að hefja gerð svæðisskipulags um svæðisgarð með skipun svæðisskipulagsnefnda, sbr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hreppsnefnd telur að með stofnun svæðisgarðs fari Snæfellingar nýjar leiðir til að efla samfélagið, vinna sameiginlega að því að bæta lífsgæði og lífskjör og auka upplifun og vellíðan íbúa og gesta. Hreppsnefnd væntir þess að svæðisgarðurinn verði sá samræðu- og samstarfsvettvangur, sem kallað hefur verið eftir úr fjölmörgum áttum samfélagsins. Þröstur Aðalbjarnarson skipaður til að fylgjast með gangi mála.
2. Tillaga Gunnars Sturlusonar að framsetningu á svari til Ólafs Ólafssonar vegna borana eftir heitu vatni í landi Eiðhúsa samþykkt.
3. Skólamál, ýmis mál rædd.
4. Beiðni Björns Jónssonar héraðsstjóra vegagerðarinnar um að fá efni til viðhalds vegar, úr námu við Holtsenda. Beiðnin samþykkt.
5. Skipulagsmál. Lokaferill aðalskipulagsins er kominn af stað. með því er komin heimild til að auglýsa það. Farið yfir stöðu skipulagsmála í nágrennasveitarfélögum.
6. Önnur mál. Fjallskilaseðill lagður fram til kynningar.